

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 290

AUGLÝSING

12. júlí 1993

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. stöðvunarskylda á Bólstaðarhlíð við Lönguhlíð.
2. stöðvunarskylda á Porragötu við Suðurgötu.
3. stöðvunarskylda á Laugarásvegi við Sundlaugaveg.
4. stöðvunarskylda á Fálkabakka við Arnarbakka.
5. biðskylda á Bragagötu við Bergstaðastræti.
6. stöðvunarskylda á Hvera- og Frostafold við Fjallkonuveg.

Ennfremur hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 17–23 við Sólheima.
2. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 23A–27 við Sólheima.
3. að biðskylda verði á Glaðheimum við Sólheima.
4. að biðskylda verði á húsagötu, botngötu, frá nr. 10–24 við Glaðheima.
5. að biðskylda verði á Godðheimum við Glaðheima.
6. að biðskylda verði á Godðheimum við Sólheima.

Ákvörðun þessi tekur gildi 28. júlí 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. júlí 1993.

Böðvar Bragason.

Nr. 291

REGLUGERÐ

16. júlí 1993

um endurgreiðslu skyldusparnaðar til námsmanna.

1. gr.

Sá sem stundað hefur eða mun fyrirjáanlega stunda nám í sex mánuði samfelld samkvæmt vottorði skóla, á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1993 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.